

Þingeyjarsveit
b/t Guðjón Vésteinsson
Kjarna
650 Laugar

Reykjavík 17. september 2020
UST202009-128/A.B.
10.04.03

Efni: Breyting - Deiliskipulag – Arnstapi - Þingeyjarsveit

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Þingeyjarsveitar er barst 11. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á deiliskipulagi fyrir Arnstapa, frístundabyggð í Þingeyjarsveit.

Í greinargerð kemur fram að deiliskipulagsbreytingin felur í sér að skipulagssvæðið er fært upp að girðingu sem afmarkar það svæði sem er í landbúnaðarnotkun og fjölgar lóðum úr tíu í tólf og stækkar deiliskipulagssvæðið úr 10,9 ha í 12,1 ha.

Umhverfisstofnun bendir á að það vantar skýringar og norðurpílu á uppdrátt.

Umhverfisstofnun bendir á að þó að hér sé um að ræða óverulegar breytingar á gildandi deiliskipulagi vill stofnunin benda á eftirfarandi þætti sem hafa ber í huga varðandi skipulagssvæðið.

Náttúruminjaskrá

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið, sem tillagan nær til, er á náttúruminjaskrá og nefnist Ljósavatn og er númer 520 sem aðrar náttúruminjar. Svæðið er víðfeðmt og er lýst sem svæði fjölbreytts landslags, með stöðuvatni, framhlaupi, jökulurðarhólum, hrauni og skógi.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að fram komi áhrif tillögunnar á ásjúnd svæðisins og hvort tillagan hafi neikvæð áhrif á verndargildi náttúruminja.

Ljósavatn

Umhverfisstofnun bendir á að stöðuvatnið Ljósavatn fellur undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um vatnið í tillögunni og það komi fram hver áhrif tillögunnar eru á vatnið.

Bakkagróður

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.

50 metrar frá ám og vötnum

Stofnunin bendir á að í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 kemur eftirfarandi fram í gr.5.3.2.14., skipulag við vötn ár og sjó: „Við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að áætlað verði nægt rými meðfram Ljósavatni svo að útivistargildi skerðist ekki.

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitu og skólp.

Girðingar

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að girðingar hindri ekki umferð gangandi manna. Í 26. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 er fjallað um girðingar og þar segir: „Óheimilt er að setja niður girðingu á vatns-, ár- eða sjávarbakka þannig að hindri umferð gangandi manna. Efmannvirki hindrar för um bakka skal sem kostur er séð fyrir göngustíg kringum mannvirkið og að bakkanum aftur. Þegar girða þarf yfir forna þjóðleið eða skipulagðan göngu-, hjólréiða- eða reiðstíg skal sá sem girðir hafa þar hlið á girðingu. Heimilt er að hafa göngustiga í stað hliðs þegar girt er yfir skipulagðan göngustíg.“



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Rakel Kristjánsdóttir
sérfræðingur